

Mál nr. 241/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuveitandaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttakið 1. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 18. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 26. ágúst 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 1. september 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er á því byggt að M hafi orðið fyrir líkamstjóni er hann sótti leiksýningu hjá Tjarnarbíói 29. janúar 2023. Í málskoti er atvikum lýst þannig að M hafi verið að koma út af sýningu er hann féll um svart svið sem staðsett var á gólfi í skála í Tjarnarbíói. Tekur M fram að umrædd leið frá salnum sé merkt sem flóttaleið yfir í skála. Þá fullyrðir M að enginn litamunur sé á kantinum á sviðinu sem sé með hvassri brún og gólfflísunum í skálanum. Þá hafi lýsingu verið áfátt og troðningur af fólki. Það hafi því verið erfitt fyrir M að sjá misfelluna, þ.e. hæðarmun á gólffletinum og sviði. M byggir á því að aðstæður í umrætt sinn hafi verið hættulegar gestum enda eigi þeir að geta treyst því að þeir geti farið fótgangandi um húsnæði Tjarnarbíós án þess að því fylgi sérstök hættu. Telur M að X, sem eigandi fasteignarinnar, hafi ekki gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir slysaþættu, m.a. vegna þessa hæðarmunar sem var á sviðinu og gólffletinum. Vísar M í tiltekin ákvæði í byggingareglugerð nr. 112/2012 og 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 máli sínu til frekari stuðnings. Þessu til viðbótar byggir M á að samkvæmt samþykktum teikningum fyrir fasteign X hafi ekki verið sótt um að setja upp svið á þeim stað þar sem slysið varð. Það hafi því verið gert án leyfis. Með vísan í framangreint telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Í þessu sambandi bendir M einnig á að í skaðabótarétti séu auknar kröfur lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið um. Vísar M í nánar tiltekna dóma Hæstaréttar í þessu sambandi.

Í athugasemdum V til nefndarinnar er í fyrsta lagi á því byggt að ósannað sé að slysið hafi átt sér stað þar sem dagsetningu slyssins hafi verið breytt í málskoti frá því sem áður var í kröfubréfum M. Þá er á því byggt að þótt X sé eigandi fasteignarinnar þá sé Menningarfélagið Tjarnarbíó umráðamaður fasteignarinnar samkvæmt gildandi samningi um afnot á húsnæðinu. Segir að samkvæmt gildandi samningi skuli allar breytingar á húsnæðinu og búnaði gerðar í samráði við Eignarsjóð Reykjavíkurborgar og verða eign sjóðsins. Er á því byggt að umrætt svið hafi ekki verið sett upp í samráði við X, líkt og gera átti, og því hafi X ekki verið kunnugt um sviðið. Loks er á því byggt að umrætt kvöld hafi sýningarsalurinn verið hálfsetinn og því ólíklegt að troðningur hafi verið mikill þegar gestir yfirgáfu sýningarsalinn. Telur V að staðsetning og útlit sviðsins hafi verið með þeim hætti að það hafi verið vel sýnilegt og ekki staðið í gönguleið gesta. Því hafi í raun ekki verið um mikla slysaþættu að ræða á þeim stað þar sem M slasaðist. Það er því skoðun V að ekki séu uppfyllt skilyrði þess að X geti borið skaðabótaábyrgð á tjóni M, heldur sé hér frekar um óhappatilvik að ræða eða tjón sem rakið verður til aðgæsluleysis M.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 26. ágúst 2025, er athugasemdum V hafnað. Þá ítrekar M þau rök sín að umrætt svið hafi verið illa staðsett með tilliti til þess um sé að ræða flóttaleið úr stóra salnum. Einnig ítrekar M að sviðið hafi verið byggt án leyfis og að það hafi verið mjög erfitt að greina það frá gólffletinum.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 1. september 2025, hafnar félagið því að umrætt svið hafi verið byggt í óleyfi enda þyki ekkert renna stoðum að um leyfisskylda framkvæmd sé að ræða eða að um

orsakatengsl séu á milli þess að um meinta óleyfisframkvæmd sé að ræða og þess að slysið varð. Þá ítrekar V fyrri afstöðu og málsástæður og telur að um óhappatilvik sé að ræða.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakareglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Í meðferð dómstóla hafa almennt verið gerðar strangar kröfur til fasteignareigenda sem reka atvinnurekstur en vægari kröfur til þeirra sem nota fasteignir til búsetu.

Af gögnum málsins verður að telja að atvikið hafi gerst á þeim tíma sem tilgreindur er í málskoti, jafnvel þótt dagsetning hafi verið ranglega tilgreind í fyrri kröfubréfi í samskiptum við V. Þá verður í raun ekki dregin sú ályktun að raunverulegur ágreiningur sé um það hvernig slysið sjálft atvikaðist. Hins vegar er talsverður ágreiningur um atriði sem m.a. lúta að aðstæðum á slysstað.

Eins og að framan greinir ber M að sanna að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða einhvers þess starfsmanns eða starfsmanna sem voru undir boðvaldi X. Nefndin telur, með vísan til þess sem að framan greinir um atvik máls og aðstæður á slysstað í málatilbúnaði aðila, að M hafi ekki tekist sú sönnun. Nefndin telur í fyrsta lagi að leggja verði til grundvallar að í gildi hafi verið samningur um afnot á umræddri fasteign, þar sem slysið varð, og að Menningarfélag Tjarnarbíó hafi verið umráðamaður fasteignarinnar. Fær það enn frekari stoð í upphaflegu kröfubréfi M, dags. 25. janúar 2025, þar sem byggt er á bótaábyrgð Menningarfélagsins. Þá telur nefndin að leggja verði til grundvallar að X hafi verið ókunnugt um uppsetningu sviðsins. Telur nefndin að þegar af þeirri ástæðu geti X ekki borið skaðabótaábyrgð á slysinu.

Þess utan telur nefndin rétt að árétta að fyrirbyggjandi gögn sýna ekki fram á að aðstæður á slysstað hafi verið þess eðlis að sérstök hættu stafaði af. Þannig verður ekki séð af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að umrætt svið í skála hafi náð út á það svæði sem merkt er sem flóttaleið á samþykktum teikningum fyrir viðkomandi húsnæði. Því virðist ekki hafa verið erfiðleikum bundið að ganga um eða yfirgefa húsnæðið eftir merktum flóttaleiðum án þess að eiga það á hættu að rekast í sviðið. Þá byggir V m.a. á því að á umræddri sýningu hafi salurinn verið hálfsetinn. M hefur ekki lagt fram gögn sem hnekkja þeirri fullyrðingu. Þessu til viðbótar telur nefndin að gögn málsins sanni ekki að lýsing eða litur á gólfefnum eða sviðinu, hafi skapað aukna slysaþættu fyrir þá sem sóttu sýningar hjá X, né að óheimilt hafi verið að setja umrætt svið upp.

Með vísan til alls framanritaðs telur nefndin að af fyrirbyggjandi gögnum verði ekki dregin sú ályktun að tjón M verði rakin til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis sem geti bakað X skaðabótaábyrgð. Því beri að hafna kröfum M í málinu. Er það til samræmis við niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 103/2025 þar sem reyndi á skaðabótaábyrgð annars aðila vegna sama atviks.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. október 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir